

Samningur um aðalskipulag Dalabyggðar 2017 - 2029

1. Samningsaðilar

Verkkaupi

Dalabyggð

510694 - 2019

Miðbraut 11

430 4700

dalir@dalir.is

Kristján Sturlusson

Seljandi

Verkís hf.

611276 - 0289

Ofanleiti 2

422 8000

verkis@verkis.is

Linda Friðjónsdóttir

2. Samningsgögn

Samningur þessi er gerður á grundvelli útboðsgagna nr. 21104 og tilboðs seljanda dags. 11/12/2019, ásamt fylgigögnum þ.m.t. fyrirspurnir og svör.

Framkvæmd samningsins skal vera í samræmi við ofangreind gögn sem eru hluti þessa samnings. Komi upp misræmi milli gagna, skulu þau sem gera ríkari kröfur á hendur seljanda ganga framar.

3. Samningstími

Samningur þessi gildir frá 01.01.2020 til áætlaðra verkloka 5. janúar 2022.

4. Samningsfjárhæð

Fyrir verkið greiðir Dalabyggð samtals kr. 17.204.752,- með virðisaukaskatti í bókstöfum sautján milljónir tvö hundruð og fjögur þúsund sjö hundruð fimmtíu og tvær krónur.

Í samningsfjárhæð er innifalinn allur kostnaður seljanda hverju nafni sem hann nefnist. Samningsfjárhæðir eru með virðisaukaskatti.

5. Framkvæmdatími

Þjóðandi skal skila fullfrágengnu aðalskipulagi tilbúnu til samþykktar hjá Skipulagsstofnun. Vinnan við aðalskipulagið skal vinnast á tímabilinu janúar 2020 – janúar 2022. Verkkaupi hefur skipt vinnunni í fimm verkáfanga: Sjá töflu hér að neðan.

Áfangi 1	jan. 2020 - mars 2020	Skipulagslýsing, vinnsla og auglýsing Í þessum áfanga skal vinna verkþáttinn „Flokkun landbúnaðarlands“, sjá 5.6.
Áfangi 2	mars 2020 - ágúst 2020	Undirbúningur, gagnaöflun og úrvinnsla
Áfangi 3	ágúst 2020 - maí 2021	Drög að skipulagstillögu, sett fram meginstefna
Áfangi 4	maí 2021 – sept. 2021	Úrvinnsla samráðs og kynninga
Áfangi 5	sept. 2021 - jan. 2022	Samþykktarferli - auglýsing, kynning og afgreiðsla aðalskipulags

6. Greiðslur og reikningsskil

Í upphafi hvers mánaðar skal seljandi senda rafrænan reikning. Reikningar eða fylgiskjöl skulu sýna verkstöðu og framvindu frá síðasta reikningi.

Greiðslur fara fram mánaðarlega í samræmi við framvindu verks.

Reikningar eru framvindureikningar og felur samþykkt verkkaupa á greiðslu reiknings ekki í sér endanlega samþykkt á verkframvindu. Endanlegt samþykki fæst við gerð lokareiknings.

Reikningar fyrir auka- og eða viðbótarverk skulu aðskildir reikningum fyrir tilboðsverk.

7. Aukaverk

Bjóðanda er óheimilt að vinna aukaverk eða viðbótarverk, nema eftir tilmælum verkkaupa eða með fyrirfram skriflegu samþykki verkkaupa. Óski verkkaupi eftir að seljandi vinni aukaverk, sem ekki eru samningsbundin, skal vinna þau eftir fyrirmælum verkkaupa og samkvæmt tilboði eftirlitsaðila í tímatexta samnings. Gera skal skriflega samninga um slík auka- og eða viðbótarverk.

8. Vanefndaúrræði

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við samþykkt tilboð og skilmála útboðs/samnings. Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þess.

Vanefndir seljanda veita kaupanda heimild til að fella niður greiðslur, krefjast afsláttar eða beita öðrum vanefndaúrræðum fjármunaréttar.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi rift samningi án fyrirvara.

Leiti seljandi nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, verði hann úrskurðaður gjaldþrota eða árangurslaust fjárnám gert í búi hans, er kaupanda heimilt án fyrirvara að segja samningi upp.

Kaupandi mun án bóta rifta samningi í heild eða að hluta á gildistíma:

a. Ef veruleg breyting á samningi kallar á nýtt innkaupaferli, sbr. 90. gr. OIL. Þetta á t.d. við ef breytingar eru kærðar og niðurstaða kærunefndar er að þær voru ekki heimilar án nýs útboðs.

b. Ef fyrirtæki, sem upphaflega var valið, hefði átt að vera útilokað frá innkaupaferli, sbr. 1. og 2. mgr. 68. gr. OIL.

c. Ef ekki hefði átt að gera samning við fyrirtæki í ljósi alvarlegs brots á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim. Þetta á t.d. við ef í ljós kemur eftir að samningur er kominn á að útilokunarástæður 1. og 2. mgr. 68. gr. OIL OIL eiga við um seljanda.

9. Ágreiningsmál

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi vesturlands.

10. Frumrit samnings

Samningur þessi er undirritaður rafrænt

Undirritun f.h. Dalabyggðar
Kristján Sturluson



Undirritað af:
Kristján Sturluson
1108582649
Dags: 16.01.2020
Tími: 19:31:52
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c93c4f71-
e47e-4c19-954e-
677463f9e39e

Undirritun f.h. Verkís
Sveinn Ingi Ólafsson



Undirritað af:
Sveinn Ingi Ólafsson
0109547119
Dags: 10.01.2020
Tími: 12:55:07
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c93c4f71-
e47e-4c19-954e-
677463f9e39e